



Íslenskur sjávarútvegur og ESB

- *hvað breytist við aðild?*

BSRB

Aðalsteinn Leifsson

20. mars 2009

Sjávarútvegur í ESB

- 6 milljónir tonna
- 220 þúsund sjómenn
- 3 milljónir manna efnhagslega háð sjávarútvegi
- EN, aðeins 1% af þjóðarframleiðslu
- Aðallega í fátækari ríkjum
- ESB er fiskinnflytjandi
- Sjávarútvegur nýtur styrkja

ERGO: Pólitískt vægi er mun meira en efnhagslegt



Örstutt um sjávarútvegsstefnu ESB 1/3

Í grundvallarlöggjöf ESB (Rómarsáttmálanum) var aðeins minnst á sjávarútveg í skilgreiningu á landbúnaði (Grein 32)

Innri markaðurinn skal ná til landbúnaðar og verzlunar með landbúnaðarafurði. Til "landbúnaðar" teljast afurðir jarðræktar, búfjarræktar og fiskveiða, sem og afurðir á fyrsta vinnslustig er tengjast þeim beint...

Á þessum grunni hefur ESB heimild til að setja á fót sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna



Örstutt um sjávarútvegsstefnu ESB 2/3

- **ESB hóf ekki undirbúning sjávarútvegsstefnu fyrr en 12 árum síðar, uppúr 1970**
- **Af hverju þá?**
 - a) Þurfti sameiginlega stjórn á sameiginlegum stofnum
 - b) Tollabandalagið – tollar milli landanna hurfu og settir voru á sameiginlegir ytri tollar
 - c) Sjávarútvegur var misjafnlega sterkur í aðildarríkjunum og tollar ólíkir
 - d) Frjáls markaður með sjávarafurðir skapaði erfiðleika í sumum aðildarríkjanna, t.d. í Frakklandi
 - e) Sterk rök fyrir því að samræma fleira en tolla



Örstutt um sjávarútvegsstefnu ESB 3/3

- **1977: 200 mílna fiskveiðilögsaga (EEZ)**
- **1983: Samkomulag um hvernig heildarkvóta í stofnum yrði skipt samkvæmt hlutfallslegum stöðugleika ('relative stability') – sem byggir á sögulegum veiðum, mikilvægi sjávarútvegs og töpuðum veiðiheimildum**



Markmið sjávarútvegsstefnunnar

- a) auka framleiðni,
- b) tryggja sjómönnum sanngjörn lífskjör,
- c) stuðla að jafnvægi á mörkuðum,
- d) tryggja stöðugt framboð á vörum og
- e) tryggja neytendum sanngjarnt verð.



Meginþættir stefnunnar

- Stjórnun og vernd
Heildarkvóti í stofnum, tæknilegar verndaraðgerðir
- Styrkir
Til að draga úr veiðigetu
- Markaðsaðgerðir
Öruggt framboð, lágmarksverð,
- Eftirlit
Gæta þess að aðildarríkin framfylgi reglum
- Samningar við ríki utan ESB
- Fiskeldi



Hefur hún virkað?

Nei...

- Ofveiði
- Atvinnuleysi
- Framleiðni
- Vandræði í eftirliti

Atvinnugrein í vanda víðast – en ekki alls staðar – í ESB



Þokast í rétta átt

...og já...

- ESB hefur náð betri tókum á aflaheimildum
- Dregið hefur úr ofveiði
- Fyrirsjáanleiki
- Minni veiðigeta, færri skip, meiri framleiðni
- Svæðisbundnar stjórnir, sátt
- Ráðleggingar vísindamanna



Átta algengar ranghugmyndir

1. “Frjáls aðgangur”: Hér koma erlendir togarar inn í íslenska lögsögu
2. “Hlutfallslegur stöðugleiki”: Getur breyst með einfaldri ákvörðun annarra ríkja
3. Eftirlit á Íslandsmiðum minnkar
4. Kvótinn fer úr landi
5. Önnur ríki taka ákvörðun um kvóta Íslands
6. Evrópusambandið ákveður úthlutun kvóta
7. Brottkast verður skylda í íslenskri lögsögu
8. Risavaxið styrkjakkerfi



“Frjáls aðgangur”

- Veiðar úr sameiginlegum stofnum eru ekki bundnar við hafsvæði
- Reglan um “hlutfallslegan stöðugleika” gildir um úthlutun kvóta í stofnum
- Reglan um veiðireynslu tryggir fasta hlutdeild í stofninum
- Sérstaða Íslands; engin veiðireynsla erlendra aðila í 35 ár

Evrópusambandið á samkvæmt eigin reglum og án allrar undarþágu ekki rétt á kvóta í íslenskri lögsögu við Evrópusambandsaðild

- Þorskastríðin og framsýni fyrri kynslóða nýtast okkur



“Hlutfallslegur stöðugleiki”

- Hefur ekki breyst síðan 1983 - enda erfitt eða ómögulegt
- Ekki rætt um breytingar, nema til að taka tillit til vannýtttra eða ónýtttra veiðiheimilda
- Rannsóknir á ákvarðanatöku: Ekki greidd atkvæði
- Sérhagsmunir Íslands:

Lúxemborgarákvæðið segir að þegar mikilvægir þjóðarhagsmunir eru í húfi þá samþykki allra aðildarríkja – jafnvel þó reglur heimili atkvæðagreiðslu

- Sjávarútvegur verður í öndvegi hjá Íslandi



“Eftirlit minnkar”

- Eftirlit með veiðum er í höndum strandríkja, ekki fánaríkja
- Eftirlit með veiðum á Íslandsmiðum verður í höndum íslenskra eftirlitsaðila
- Evrópskir eftirlitsaðilar hafa aðeins eftirlit með eftirlitsaðilunum til að tryggja reglum sé framfylgt

Engin ástæða er til að ætla að eftirlit minnki á Íslandsmiðum við aðild að Evrópusambandinu



“Kvótinn fer úr landi”

- Ekki má mismuna á grundvelli þjóðernis
- Heimilt er að setja útgerðum skilyrði til þess að koma í veg fyrir svokallað kvótahopp
 - 50% afla landað í heimahöfn
 - 50% áhafnar búsett í landinu
 - Verulegur hluti útgjalda útgerðar í landinu (50% aflaverðmæta)
 - Aðrar leiðir til að sýna fram á raunveruleg efnahagsleg tengsl

Heimildir í sjávarútvegsstefnu ESB og dómafordæmi (Jaderow, Agegate, Factortame) veita aðildarríkjum rétt til að krefjast efnahagslegra tengsla og hindra kvótahopp

“Önnur ríki taka ákvörðun um kvóta Íslands”

- Ákvörðun kann að vera tekin “í Brussel” en ekki “af Brussel”
- Þau ríki sem eiga hagsmuni taka ákvarðanir –
Miðjarðarhafsríki í Miðjarðarhafi, Rúmenía og Búlgaría í Svartahafi o.s.frv.
- Ráðleggingar vísindamanna eru til grundvallar

Ákvörðun um heildarkvóta innan lögsögunnar verða á grunni íslenskra vísindamanna og ákvörðun íslenskra stjórnvalda



“Evrópusambandið úthlutar kvóta”

- Evrópusambandið hefur ekkert um það að segja hvernig aðildarríkin úthluta kvóta – hvort þau nota framseljanlegar veiðiheimildir eða aðrar aðferðir
- Sum aðildarríkja ESB, t.d. Holland, hafa kerfi sem svipar til okkar
- Kvótakerfið er á forræði Íslendinga einna

Hvernig aðildarríki úthluta kvóta er algerlega undir þeim sjálfum komið



“Brottkast verður skylda”

- Framkvæmdastjórn ESB hefur tekið þá stefnumótandi ákvörðun að banna brottkast
- Í samningi ESB og Noregs frá í nóvember/desember er brottkast bannað
- Brottkast er þegar bannað á afmörkuðum svæðum innan ESB og áætlanir um að víkka bannið út

Það verður algerlega vandræðalaust að tryggja í aðildarviðræðum að brottkast verði bannað á Íslandsmiðum



“Risavaxið styrkjakerfi”

- Fjárlög ESB eru aldrei meira en 1.27% af þjóðarframleiðslu ESB
- Sjávarútvegsstefna ESB tekur til sín 1% af fjárlögum ESB – eða 0,1% af þjóðarframleiðslu ESB
- Styrkir eru veittir til
 - Endurmenntunar
 - Nýsköpunar á öðrum sviðum
 - Umhverfisnefnd
 - Minnkun veiðigetu

Styrkjakerfið er lítið og snýst um að takast á við vanda dreifðra byggða þar sem sjómönnum fækkar

Megináhbyggjuefni – Áherslur í viðræðum

- Að tryggja ábyrgar veiðar og efnhagslega sterka útgerð sem skilar verðmætum til Íslands
 - Ákvörðun um heildarkvóta á Íslandsmiðum geirnelgd
 - Sveigjanleiki og snerpa í fiskveiðistjórnunarkerfinu
 - Hlutdeild í deilistofnum tryggð



Mismunandi leiðir eru færar 1/2

- Aðildarsamningar hafa sama lagalegt gildi og sáttmálar Evrópusambandsins og því má semja um lausnir
- Hægt er að binda ákvörðun um heildarkvóta við meðmæli vísindamanna innan ákveðins ramma sem tryggir stöðugleika í aflaheimildum
- Hægt er að gera samkomulag um hlutverk og umboð svæðisráðs þannig að landhelgi Íslands verði áfram sérstakt stjórnunarsvæði
- Hægt er að nýta fordæmi frá Danmörku, Álandseyjum, Möltu – og jafnvel á grunni sérstöðu fjarlæggra eyjasamfélaga – um forgangsrétt heimamanna



Mismunandi leiðir eru færar 2/2

- Hægt er að setja á fót sérstakt stjórnunarsvæði fyrir NV-Atlantshaf sber. hugmyndir Halldórs Ásgrímssonar
- Hægt er að binda veiðar í botnfiski í íslenskri lögssögu við ákveðna gerð báta sber. útfærslu Maltverja
- Hægt er að fara fram lausnir á grunni sérstöðu landsins, mikilvægis sjávarútvegs og fámennis
- o.s.frv. o.s.frv.



Ávinningur af ESB fyrir sjómenn og verkafólk

- Evran tryggir stöðugleika í efnahagslegu umhverfi sjávarútvegsins
- Allir tollar falla niður á sjávarafurðum
- Sjómenn hagnast ekki á höftum – hvorki tollum né höftum á fjárfestingum
- Það verður efnahagslega hagstæðara að vinna fisk meira fyrir útflutning
- Reglur um kvótahopp geta nýst íslenskum sjómönnum
- Minni byggðalög geta hagnast á Evrópusambandsaðild



Niðurstaða

- Það eru margskonar alvarlegar ranghugmyndir um sjávarútvegsstefnu ESB í umræðunni
- Evrópusambandið á samkvæmt eigin reglum ekki rétt á kvóta innan íslenskrar lögsögu – án nokkurrar undanþágu eða sérlausna
- Megináskorunin verður að tryggja form ákvörðunar um heildarkvóta og sveigjanleika í framkvæmd fiskveiðistjórnunarkerfisins á Íslandi

Viðræður um sjávarútveg verða mjög erfiðar í aðildarsamningum við Evrópusambandið – en það er langt því frá ómögulegt að ná hagstæðri niðurstöðu